

Starfsmaður skal virða umferðarreglur og vera til fyrirmyndar í umferðinni. Starfsmaður skal halda bíl sínum snyrtilegum.

- Fyrsta virka dag hvers mánaðar skal umráðamaður senda upplýsingar um kílómetrastöðu bifreiðar á mottaka@mast.is
- Persónulegt dýrahald í bílunum er óheimilt nema ef dýr er í búi.
- Lengri akstur í einkaerindum í vinnuferðum er óheimill.
- Allur akstur í einkaerindum utan vinnutíma er óheimill.

Samhæfing og þjónusta hefur yfirumsjón með bifreiðum stofnunarinnar í samráði við fjármálastjóra og áskilur sér rétt til að víxla bílum milli starfsmanna t.d. til að jafna akstur.

- Bíl og lykklum skal skilað á starfsstöð þegar umráðamaður er í fríi eða frá vinnu í lengri tíma, til að hámarka nýtingu bifreiðarinnar.
- Aukalykill bifreiðar skal geymdur á næstu starfsstöð í samráði við móttökuritari á Selfossi (mottaka@mast.is).
- Glatist eldsneytiskort eða lykklar skal tilkynna það án tafar til móttökuritara á Selfossi.
- Ávallt skal taka eldsneyti þar sem það er hagkvæmast skv. samningum við olíufélög (móttökuritari veitir upplýsingar um samninga við olíufélögin).
- Rekstrarvörur fyrir bílinn s.s. rúðuvökvi, Ad blue og rúðupurrkur er hægt að greiða með eldsneytiskorti/-lykli.

Rekstur bifreiðar

Umráðamaður bifreiðar skal sjá um og bera ábyrgð á eftirfarandi þáttum:

- Smálegt viðhald, skipti á rúðupurrkum, perum o.s.frv.
- Almenn þrif, innan og utan. Heimilt er að kaupa alþrif og bón tvisvar á ári.
- Dekkjaskipti, dekk eru geymd á dekkjahótelum. Dekkjakaup eru í samráði við móttökuritara.
- Þjónustuskoðanir, smurning og bifreiðaskoðun.
- Viðhaldsviðgerðir s.s. skipta um bremsuklossa, bremsudiska o.s.frv.

Ef bíll þarf að fara í viðgerð (annað en viðhaldsviðgerðir) skal leita til móttökuritara á Selfossi.

Gjaldskyld bílastæði og stöðvunarbrotgjöld

Matvælastofnun greiðir kostnað vegna gjaldskyldra bílastæða sem til fellur á vinnutíma. Starfsmaður greiðir þá annað hvort með innkaupakorti MAST eða innheimtir útlagðan kostnað gegn framvísun reiknings/kvittunar.

- Gjöld vegna stöðvunarbrotu eru greidd af ökumanni. Falli gjöldin á MAST eru þau dregin af launum starfsmanns.

Matvælastofnun greiðir ekki fyrir gjaldskyld bílastæði utan vinnutíma og skal starfsmaður nýta sér bílastæði án gjaldskyldu.

Tjón og sektir

Virða skal umferðarreglur og vera til fyrirmyndar í umferðinni.

- Slys og tjón á bifreiðum stofnunarinnar skal tilkynna án tafar til móttökuritara.
- Hraðasektir og aðrar sektir eru greiddar af ökumanni bifreiðar.

Búnaður sem skal vera til staðar í bifreið

- Sjúkrakassi
- Tvö endurskinsvesti (í hurðarvasa sitt hvoru megin).
- Aðvörunarpríhýrningur.
- Sólgleraugu.
- Rúðuskafa – sópur.
- Tjónaskýrsla.
- Eldsneytiskort/hleðslulykill á lykli (má ekki geyma í bílnum).